



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÁHUGI Á VÍÐTÆKRI SAMVINNU. ALASKA OG ÍSLAND

Við upphaf Norðurslóðabings, Arctic Imperative Summit, sem nú er haldið í Alaska átti forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson fund með ráðherrum og æðstu stjórnendum Alaskaríkis, borgarstjóra Anchorage og öðrum ráðamönnum. Á fundinum kom fram mikill áhugi á að efla samvinnu Alaska og Íslands. Áætlunarflug Icelandair til Alaska á næsta ári er talið tákn um nýja tíma í ferðapjónustu og samgöngum. Tækifærin séu einnig á öðrum sviðum, t.d. við nýtingu jarðhita og vatnsorku, í sjávarútvegi, rannsóknum og vísindum. Þá kalli vaxandi mikilvægi Norðurslóða á síaukna samvinnu Alaska og Íslands.

Á fundinum kom fram að fjöldi fyrirtækja í Alaska telur að áætlunarflug Icelandair muni efla umsvif á mörgum sviðum, sérstaklega tengsl ferðapjónustunnar við markaði í Evrópu og skapa nýja möguleika á ferðum um Norðurslóðir. Nýtt áætlunarflug félagsins til Pétursborgar í Rússlandi sé einnig mikilvægt í þessum efnum.

Þá vilja ráðamenn í Alaska læra af reynslu Íslendinga í nýtingu jarðhita en áhugi er á að kanna möguleika á hitaveitu í Anchorage og öðrum byggðarlögum í Alaska svo og að efla raforkuframleiðslu með jarðhitavirkjunum og vatnsaflsvirkjunum.

Sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi og í Alaska hafa á undanförunum árum byggt upp öflugt samstarf um kynningu á sjálfbærum og ábyrgum sjávarútvegi og er ríkur vilji til að efla það enn frekar. Á sjávarútvegssýningunni í Brussel fyrr á þessu ári var haldið málþing á

vegum Alaska og Íslands um framtíðarsýn á þessu sviði þar sem forseti Íslands var meðal ræðumanna.

Stjórnendur Alaskaríkis vilja einnig efla samstarf háskóla og vísindastofnana. Þeir telja að nán tengsl fræðasamfélags, almennasamtaka og ráðamanna á Íslandi og í Alaska geti orðið afdrifaríkt framlag til ábyrgrar stefnumótunar á Norðurslóðum. Einnig er áhugi á að stuða að aukinni þátttöku Grænlandinga í slíku samstarfi.

Myndir frá fundinum má nálgast á heimasíðu embættisins.

26. ágúst 2012

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*